

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans. Fjárlagatillögur Rannsóknastofnunarinnar skulu vera sérgreindur hluti af fjárlagatillögum Háskólans.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. júlí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.241.0
við Mjólnisholt, Reykjavík.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 9. júlí 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð deiliskipulags fyrir staðgreinireit 1.241.0 við Mjólnisholt, Reykjavík.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 30. júlí 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUR

**fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur,
Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar.**

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur, Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Njarðvíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarstjórn Sandgerðis og Varnarmála-skrifstofa utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kys sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að endurskoðun á gildandi skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir en skipulag þetta var staðfest 20. september 1983 og 12. október 1983. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé og sker þá umhverfissráðherra úr að fenginni umsögn